

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Flutningur þessa frv. gefur tilefni til að rifja upp nokkur atriði úr upphaflegri stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar.

Verðbólgan skyldi stöðvuð og atvinnulífi þjóðarinnar komið á traustan og heilbrigðan grundvöll með nýjum aðferðum.

Um þetta segir svo í athugasemdum með frumvarpi til laga um efnahagsmál, sem lagt var fyrir Alþingi snemma árs 1960:

„Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkamt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu.“

Og enn segir í sömu athugasemdum:

„Meginatriði tillagnanna eru þessi:

- 1) Bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan hefur búið við síðan 1951, verði afnumið, en skráningu krónunnar breytt þannig, að útflutningsframleiðslan verði rekin hallalaust án bóta eða styrkja.“

Það er öllum ljóst, að þróun mála á valdatímabili ríkisstjórnarinnar hefur orðið með allt öðrum hætti en fyrirheit voru gefin um í stefnuyfirlýsingu hennar. Stjórninni hefur ekki tekizt að framkvæma þá þætti í stefnuskránni, er hún sjálf taldi í upphafi til grundvallaratriða.

Ríkisstjórnin hefur jafnan viljað afsaka ófarir sínar með því, að gerðar hafi verið og gerðar séu óhóflegar launakröfur. Hefur af hennar hálfu verið lögð á það rík áherzla, að kaupgjald mætti ekki hækka, því að þá væri efnahagskerfið í voða.

Þessu til áréttingar bar ríkisstjórnin á síðastliðnu hausti fram frumvarp um að lögbinda kaupið. Sú lagasetning náði ekki fram að ganga, en flutningur frv. er engu að síður ótvíráð vísending um vilja valdhafanna í þessu efni. En þótt lögbindingin, sem stefnt var að, mistækist, ber þróun kaupgjaldsmálanna að undanförun merki stjórnarstefnunnar.

Í októbermánuði 1958 var dagvinnukaup verkamanna kr 21.85 á klst. Samkvæmt því voru árslaun fyrir 8 klst. vinnu alla virka daga ársins 52440 kr. Nú er dagvinnukaupið kr. 32.20 á klst., eða 77280 kr. á ári, reiknað á sama hátt. Allir vita og viðurkenna, að kaupmáttur þessarar launafjárhæðar er nú miklu minni en launanna í okt. 1958, áður en núverandi stjórnarflokkar komu til valda. Þó á enn að skerða kaupmáttinn með nýjum álögum samkv. frv. því, er hér um ræðir.

Þegar þess er gætt, að umrædd þróun hefur gerzt á sama tíma og sjávarafli landsmanna hefur verið meiri en nokkru sinni áður, sala útflutningsvara gengur mjög greiðlega og verð fer hækkandi, verður ekki hjá því komizt að álykta, að orsök þess, hvernig til hefur tekizt, sé röng stjórnarstefna.

Stjórnarstefnan var dauðadæmd frá upphafi, vegna þess að hún byggðist á því að hækka allt verðlag gífurlega, en halda niðri kaupgjaldi til verkafólks og afurðaverði til bænda.

Einn meginþátturinn í efnahagsmálalöggjöf ríkisstjórnarinnar 1960 var stórfelld lækkun á gengi krónunnar. Hálfu öðru ári síðar beitti ríkisstjórnin sér enn fyrir krónulækkun. Við samanburð á verðgildi íslenzkrar krónu í utanlandsviðskiptum 1959 og nú þarf að bæta 55% yfirfærslugjaldinu, sem tekið var af flestum gjaldreyrissölum 1959, við skráð gengi á þeim tíma. Slikur samanburður leiðir í ljós, að á valdatíma núverandi stjórnar hefur erlendur gjaldeyrir hækkað í verði í íslenzkum peningum um 70%. Svo mjög hefur íslenzka krónan rýrnað að verðgildi á þessu tímabili.

Með gengisbreytingunni 1960 taldi ríkisstjórnin að hverfa ætti frá uppbótakerfinu. Þetta var þó ekki gert. Niðurgreiðslum á vöruverði innanlands hefur verið haldið áfram, en þær eru stór þáttur í uppbótakerfinu. Einnig hafa á undanförunum árum verið greiddar úr ríkissjóði miklar bætur til togaraútgerðarinnar. Og hér liggja fyrir tillögur frá ríkisstjórninni og flokkum hennar um uppbætur af ríkisfé til togara, fiskvinnslustöðva og til hækkunar á fiskverði, sem áætlað er að nemi um 180 millj. kr. á þessu ári. Full þörf er fyrir þessar uppbætur. Svo hefur stjórnarstefnan leikið atvinnuvegina. — Þessu til viðbótar telur stjórnin sig vanta 55 millj. kr. til að standa straum af niðurgreiðslum á þessu ári.

Meðal annars af því, sem að framan greinir, má sjá, að stjórnin á málefnum þjóðarinnar hefur tekizt ákaflega illa síðustu 4 árin. Eftir að hafa lækkað íslensku krónuna svo gífurlega í verði sem að framan getur, þrátt fyrir uppgrípaaflla, og eftir að hafa meira en þrefaldað útgjöldin á fjárlögum ríkisins, kemur ríkisstjórnin til Alþingis með frumvarp sitt um bráðabirgðaúrræði til að halda uppi útflutningsframléiðslunni í bili og fer fram á heimild til að verja til þess á þriðja hundrað millj. kr. af ríkisfé.

Dýpra og dýpra í dýrtíðarfenið stefnir ríkisstjórnin enn sem fyrr. Enn á að þyngja álögurnar stórkostlega. Þær valda hækkun á verðlagi, sem hefur í för með sér kröfur um hækkun á kaupum o. s. frv.

Hversu lengi skal svo til ganga?

Það kom fram í ræðu forsætisráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpinu við 1. umræðu þess, að þær ráðstafanir, sem þar er fjallað um, væru aðeins til að firra vandræðum í bili. Hann lét einnig orð falla um það, að íhuga þyrfti allt þetta mál frá rötum og reyna að finna úrræði, sem ætla mætti að dygðu til nokkurrar frambúðar.

Minni hl. litur einnig svo á, að brýn þörf sé á að reyna að ná sem viðtækustu samkomulagi um úrlausnir í efnahagsmálunum. Má í því sambandi minna á, að þegar efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar var til meðferðar á Alþingi 1960, bar Framsóknarflokkurinn fram tillögu um, að skipuð yrði nefnd manna frá öllum þingflokkum til að reyna að finna úrræði í þeim málum. Á þá tillögu var því miður ekki fallizt á þeim tíma, en Framsóknarflokkurinn telur rétt að freista þess að fá nú samkomulag um skipun slíkrar nefndar. Minni hl. ber því fram breytingartillögu við frv. um, að fyrsta ákvæði þess verði skipun 8 manna nefndar til að rannsaka efnahagsmál þjóðarinnar og leita samkomulags um aðkallandi ráðstafanir í þeim efnunum, er miði að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar, halda atvinnulífínu í fullum gangi, auka framleiðni og framleiðslu og tryggja öllu vinnandi fólki viðunandi tekjur fyrir hæfilegan vinnutíma. Lagt er til, að hver þingflokkur tilnefni svo menn í nefndina. Minni hl. væntir þess, að samkomulag geti náðst um afgreiðslu málsins á þann hátt, að þetta ákvæði um nefndarskipunina verði tekið inn í frumvarpið, en 5. og 6. gr. þess verði felldar niður.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda hafa af þessu tilefni ritað fjárhagsnefnd bréf, og fulltrúar S. Í. F. komu á fund nefndarinnar. Benda þeir á, að ekki muni síður þörf framleiðniaukningar og annarra endurbóta í þeirra framleiðslugreinum og því ekki sanngjarnt, að þær verði algerlega settar til hliðar við úthlutun þessara uppbóta. Minni hl. fellst á þessi sjónarmið og ber fram breytingartillögu þess efnis, að framangreindar uppbætur verði hækkaðar í 60 millj. kr., í því skyni, að þær nái einnig til framleiðslu saltfisks og skreiðar.

Það er alkunnugt, að rekstraraðstaða fiskfrystihúsanna er ákaflega misjöfn. Frystihús á smærri útgerðarstöðum, sem hafa lítið framleiðslumagn, standa miklu lakar að vígi en stóru húsín, en rekstur þeirra er þó nauðsynlegur fyrir byggðarlögin, þar sem þau starfa. Eitt meðal annars, sem gerir rekstur þessara smærri húsa óhagstæðan, er vinnsla þeirra á sumarveiddum bátafiski, þar sem smáfiskur er

mikill hluti aflans. Það er miklu dýrara að vinna úr smáum fiski en stórum, og veldur þetta miklum erfiðleikum fyrir þau frystihús, sem fá hlutfallslega mikið af smáfiski. Til þess að bæta lítið eitt aðstöðu þeirra vinnslustöðva, sem hafa verst afkomuskilyrði af framangreindum ástæðum, flytur minni hl. breytingartill. við 1. gr. frv. Er hún um það, að heimilt skuli að verja allt að 15 millj. kr. á árinu 1964 úr ríkissjóði til að greiða uppbætur á sumarveiddan bátafisk til þeirra vinnslustöðva, sem hafa lakasta rekstraraðstöðu.

Í 5. gr. frv. er lagt til að hækka söluskattinn á innlendum viðskiptum úr 3% í 5%, og meiri hl. fjárhagsnefndar flytur breytingartill. um, að skatturinn hækki í 5½%. Sé miðað við áætlun í fjárlögum fyrir 1964, nemur 2½% hækkun á söluskattinum fast að 300 millj. á einu ári. Slík hækkun á skattinum veldur auðvitað mikilli dýrtiðaraukningu, sem hlýtur að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar. Minni hl. telur skatthækkunina óþarfa. Síðustu árin hefur ríkissjóður haft greiðsluafgang, sem nemur hundruðum milljóna, og allar líkur benda til þess, að ríkis-tekjurnar á þessu ári fari einnig mikið fram úr áætlun fjárlaga. Minni hl. telur því, að kostnaðinn við þær ráðstafanir, sem ætlunin er að gera samkvæmt frv., eigi að greiða af umframtekjum ríkissjóðs, í stað þess að auka enn dýrtiðarbálið með nýjum álögum, og leggur til, að greinin verði felld úr frv.

Í 6. gr. frv. fer ríkisstjórnin fram á heimild til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárlögum fyrir árið 1964, og taka á þann hátt fjárveitingavaldið af Alþingi. Heimild þessi á að verða ótakmörkuð, svo að ríkisstjórnin geti eftir eigin geðþótta frestað öllum slíkum framkvæmdum eða einhverjum þeirra. Hún fer einnig fram á heimild til að fresta greiðslum til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðnar eru í fjárlögum.

Í þessari frumvarpsgrein kemur fram sú stefna ríkisstjórnarinnar, að framkvæmdir hins opinbera, sem ákveðnar eru af Alþingi, svo sem veg- og brúagerðir, hafnargerðir, bygging sjúkrahúsa og skóla og framkvæmdir í raforkumálum, eigi að sitja á hakanum og þoka fyrir framkvæmdum annarra aðila, sem yfir fjármagni ráða, svo sem byggingu bankahúsa, verzlunarhalla og öðru slíku. Minni hl. telur það háskalega stefnu að fella niður nauðsynlegar ríkisframkvæmdir í almannaþágu, til þess að aðrir aðilar geti framkvæmt allt það, sem þeim þóknast, hvort sem það er þarflegt eða óþarft fyrir þjóðfélagið. Minni hl. mótmælir því harðlega ákvæðum 6. gr. og flytur tillögu um, að efni hennar verði fellt úr frv.

Eitt af því, sem hefur valdið erfiðleikum fyrir sjávarútveg og landbúnað, er sú lækkun á afurðalánnum frá Seðlabankanum, sem orðið hefur síðustu árin. Fyrir nokkrum árum námu afurðalánin 67% af verði framleiðslunnar, en eru nú aðeins 55%. Lækkun afurðalánanna er ástæðulaus með öllu. Seðlabankinn hefur meiri möguleika nú en áður til að veita slík lán, þar sem hann hefur nú mörg hundruð millj. kr. af sparifé frá innlánsstofnunum á bundnum reikningum.

Minni hl. leggur til, að afurðalánin verði hækkuð í 67% af verði framleiðsluvörunnar, eins og þau voru 1959 og næstu árin þar á undan.

Þá leggur minni hl. til, að vextir af afurðavíxlum hjá Seðlabankanum verði færðir niður í 5% og 5½% af framlengingarvixlum, eins og þeir voru 1959. Með vaxtalækkuninni væri stigið verulegt skref til að draga úr kostnaði við framleiðsluna.

Minni hl. leggur til, að hagnaði fiskvinnslustöðvanna af vaxtalækkuninni verði varið til hækkunar á fiskverði, samkvæmt útreikningi verðlagsráðs sjávarútvegsins. Kæmi sú fiskverðshækkun til viðbótar þeirri, sem meiri hluti fjárhagsnefndar flytur tillögu um.

Fyrir Alþingi liggur nú till. til þál. um að stofna fiskiðnskóla, og hefur tillaga um þetta verið flutt á undanförunum þingum án þess að hljóta fullnaðarafgreiðslu. Síðasta Alþingi bærust meðmæli með tillögunni frá fiskmatsstjóra, ferskfiskeftirlitinu og öllum helztu samtökum fiskframleiðenda. Þar sem hér er um stórt hagsmunamál sjávarútvegsins að ræða, flytur minni hl. tillögu um, að í þetta frv. verði

tekið ákvæði um undirbúning slíkrar skólastofnunar, er fram fari þegar á þessu ári, og að ríkisstjórnin leggi lagafrumvarp um stofnun skólans fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Minni hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. jan. 1964.

Skúli Guðmundsson,      Einar Ágústsson.  
frsm.